

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2011

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2011 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 11,7 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi samanborið við 32,1 ma.kr. óhagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan. Afgangur af vöruskiptum við útlönd var 33,5 ma.kr. og 27,3 ma.kr. á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um 47,6 ma.kr.

Halla á þáttatekjum má eins og áður rekja til innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 44,4 ma.kr. og tekjur 17 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var óhagstæður um 21,6 ma.kr. og viðskiptajöfnuður hagstæður um 39,1 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.529 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.671 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 9.142 ma.kr. og lækka nettóskuldir um 361 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.529 ma.kr. og skuldir 3.361 ma.kr. og var hrein staða þá neikvæð um 833 ma.kr.

Endurskoðun á framsetningu þáttatekna

Framsetning á vaxtatekjum og gjöldum fyrirtækja í beinni fjárfestingu hefur verið endurskoðuð. Áhrif á þáttatekjujöfnuð eru engin. Einungis er um að ræða tilfærslu milli tekna og gjalda. Fyrri framsetning var ekki í fullu samræmi við þá aðferðafræði² sem aðildarþjóðir AGS hafa komið sér saman um.

Áður voru tekjur og gjöld vegna lánaviðskipta milli innlendra aðila og erlendra fyrirtækja í þeirra eigu nettuð út og færð tekjumegin í þáttatekjujöfnuð. Á sama hátt voru tekjur og gjöld vegna lánaviðskipta milli erlendra aðila og innlendra fyrirtækja í þeirra eigu nettuð og færð gjaldamegin í þáttatekjujöfnuð. Þannig stýrði eignarhaldið því hvoru megin í þáttatekjujöfnuð tekjur og gjöld féllu.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

² Sjá *Balance of Payments Manual*.

<http://www.imf.org/external/np/sta/bop/bopman.pdf>

Framsetningin nú er þannig að tekjumegin færast tekjur af lánum innlendra fyrirtækja til erlendra og gjaldamegin gjöld af lánum erlendra fyrirtækja til innlendra. Skiptir engu hvernig eignarhaldinu er háttað.

Fyrri framsetning gat leitt til þess að tekjur mældust neikvæðar ef erlend fyrirtæki í eigu innlendra aðila höfðu meiri tekjur af lánum til eigenda sinna en eigendurnir af lánum til þeirra. Á sama hátt gat gjaldaliður sýnt jákvæða niðurstöðu ef innlend fyrirtæki í eigu erlendra aðila höfðu meiri tekjur af lánum til eigenda sinna en eigendurnir af lánum til þeirra.

Allt frá fyrsta ársfjórðungi ársins 2008 hefur tekjuliður þáttajafnaðar verið neikvæður. Endurskoðunin nú nær aftur til þess tíma. Á árunum þar á undan er sáralítið um slík áhrif.

Bein erlend fjárfesting

Hækkun á erlendri hlutafjareign frá og með fjórða ársfjórðungi 2009 er vegna endurskoðaðra talna frá innlánsstofnunum í slitameðferð.

Endurskoðaðar tölur um beina fjárfestingu fyrir árið 2010 skipt niður á lönd og atvinnugreinar verða birtar 8. desember nk³.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2010, III</u>	<u>2010, IV</u>	<u>2011, I</u>	<u>2011, II</u>	<u>2011, III</u>
Viðskiptajöfnuður	0,4	-51,8	-38,6	-32,1	11,7
Útflutningur vöru og þjónustu	231,0	213,9	202,2	237,8	276,7
Innflutningur vöru og þjónustu	-180,6	-181,6	-176,2	-201,4	-215,9
Þáttatekjur og framlög, nettó	-50,1	-84,1	-64,7	-68,5	-49,1
Fjármagnsjöfnuður	-29,1	285,9	-9,1	-46,3	-45,6
Fjármagnshreyfingar án forða	-78,0	456,2	65,6	4,5	50,2
Erlendar eignir, nettó	54,8	453,1	-10,6	-18,9	32,3
Erlendar skuldir, nettó	-132,8	3,1	76,2	23,4	17,9
Gjaldeyrisforði (- aukning)	49,0	-170,3	-74,7	-50,9	-95,8
Skekkiur og vantalið, nettó	28,8	-234,1	47,7	78,4	34,0
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Viðskiptajöfnuður án áhrifa gömlu bankanna	29,4	-25,1	-12,1	-9,3	39,1

³ Sjá <http://www.sedlabanki.is/?PageID=291>

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	<u>2010, III</u>	<u>2010, IV</u>	<u>2011, I</u>	<u>2011, II</u>	<u>2011, III</u>
Erlendar eignir, alls	4.116	4.182	4.420	4.562	4.529
Bein fjárfesting erlendis	1.195	1.368	1.386	1.380	1.332
Erlend markaðsverðbréf	938	818	867	996	1.007
Aðrar fjáreignir en forði	1.496	1.332	1.402	1.358	1.278
Gjaldeyrisforði	487	665	764	828	912
Erlendar skuldir, alls	13.595	13.769	14.256	14.064	13.671
Bein fjárfesting á Íslandi	1.053	1.356	1.445	1.494	1.492
Innlend markaðsverðbréf	3.497	3.176	3.096	2.970	2.698
Aðrar erlendar skuldir	9.045	9.237	9.715	9.600	9.481
Hrein staða við útlönd	-9.479	-9.586	-9.836	-9.503	-9.142

Liðir til skýringar:

**Hrein staða við útlönd án
innláns-
stofnana í slitameðferð**

-1.034 -846 -868 -799 -833

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.